

## FUNDARGERÐ - STJÓRN SSNE - 27. FUNDUR - 9. JÚNÍ 2021

09.06.2021

Fundur haldinn miðvikudaginn 9. júní 2021 í teams fjarfundabúnaði og hófst fundurinn kl. 13:00. Fundi slitið kl. 15:00.

Fundinn sátu: Hilda Jana Gísladóttir formaður, Anna Karen Úlfarsdóttir fyrir Jón Stefánsson, Gunnar Gíslason, sem fór af fundi kl. 14:45, fyrir Evu Hrund Einarsdóttur, Þröstur Friðfinnsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, sem kom á fundinn kl. 13:10, fyrir Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson sem kom á fundinn kl 14:40, Helga Helgadóttir, Eyþór Björnsson og Helga María Pétursdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá:

#### 1. Fjölmennningar- og ungmennaráð.

Rebekka Kristín Garðarsdóttir, verkefnastjóri hjá SSNE, situr fundinn undir þessum lið.

Rebekka fer yfir stöðumat og næstu skref varðandi stofnun fjölmennningar- og ungmennaráðs á starfssvæðinu.

*Stjórn SSNE felur starfsmönnum að vinna málið áfram og eiga í samráði við fulltrúa sveitarfélaga í tengslum við mögulega stofnun fjölmennningar- og ungmennaráðs innan raða SSNE.*

#### 2. [Erindi Framsýnar](#) varðandi áætlunarflug til Húsavíkur.

Framkvæmdastjóri fer yfir bréf Framsýnar um stöðu áætlunarflugs til Húsavíkur frá 11. maí 2021.

*Stjórn SSNE lýsir áhyggjum af rekstrarskilyrðum innanlandsflugs og leggur áherslu á að jafnræðis sé gætt milli flugrekstraraðila varðandi opinberan stuðning.*

#### 3. Almenningsamgöngur.

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála varðandi uppgjör við Vegagerðina.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 4. 90 daga áætlun og minnisblað um stöðu verkefna.

Framkvæmdastjóri fer yfir 90 daga aðgerðaáætlun og leggur fram minnisblað um stöðu verkefna.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 5. Hæfisviðmið SSNE.

Formaður opnar fyrir umræður um hvort tilefni sé til að útbúa siðareglur fyrir SSNE.

*Stjórn SSNE felur framkvæmdastjóra að gera tillögu að siðareglum samtakanna.*

#### 6. Aðgengi að upplýsingum um veitingu opinberra styrkja.

Formaður opnar fyrir umræður um aðgengi að upplýsingum um veitingu opinberra styrkja.

*Stjórn SSNE skorar á ábyrgðaraðila opinberra styrkveitinga að veita tölfræðilegar upplýsingar um búsetu styrkþega og umsóknaraðila við úthlutanir. Fram þarf að koma fjöldi umsókna, sem og fjöldi*

veittra styrkja, skipt eftir landshlutum. Slík gögn auka gagnsæi og myndu veita m.a. landshlutasamtökunum, sveitarfélögum og atvinnulífi mikilvæga innsýn.

## 7. Efni til kynningar.

- a) [897.fundur](#) stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. apríl 2021.
- b) [Fundargerð 66. fundar](#) stjórnar SSNV frá 4. maí 2021.
- c) [Fundargerð 67. fundar](#) stjórnar SSNV frá 3. júní 2021.
- d) [569. fundur](#) stjórnar SASS frá 7. maí 2021.
- e) [Fundargerð 898. fundar](#) stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. maí 2021.
- f) [Fundargerð 71. fundar](#) stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 10. maí 2021.
- g) [Fundargerð 5. fundar](#) Umhverfisnefndar SSNE frá 24. maí 2021.
- h) [Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands](#) frá 4. maí 2021.
- i) [Umsagnarferli um breytingatillögu](#) að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs opið til og með 9. ágúst 2021.
- j) [Umsögn SSNE um hvítbók um byggðamál](#) frá 31. maí 2021.

## 8. Frá nefndasviði Alþingis.

- a) Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd, 696. mál.  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1175.html>
- b) Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 640. mál.  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1100.html>